

Fundargerð- Skólaráðsfundur 14. október 2021

Fundarmenn:

Elínrós Benediktsdóttir, Rut Indriðadóttir, Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, Guðmundur Kristinn Davíðsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson, Hrönn Jónsdóttir og Erla Erlendsdóttir

1. Kynning á þeim sem eru í skólaráði.
2. Farið yfir hlutverk skólaráðs og helstu verkefni. Stærsta hlutverkið er starfsáætlun ársins, Una er að leggja lokahönd á hana. Stefnumótun, áætlanir og meiriháttar breytingar á skólalaldi og starfsemi.
3. Farið yfir helstu verkefni skólaráðs.
4. Ýmis málefni sem snúa að upphafi skólaársins.
5. Tillaga um að hafa fundina á miðvikudögum í stað fimmtudaga.
6. Spjall um umsögn sem skólaráð þarf að senda frá sér eftir tvær vikur. (Aðgerðaráætlun vegna menntastefnu 2022-2024.) Rætt var hvort og hvernig við ættum að bregðast við því. Ákveðið var að tíminn hafi verið of knappur til að vinna almennilega í þessu en í umræðunni sem fór fram kom fram ábending um að plaggið sé í raun of háleitt til að vera aðgerðaráætlun og að það vanti í raun hvernig á að framfylgja því.
7. Athyglisverður punktur kom fram að skólar séu ekki merktir nema aðeins fyrir akandi vegfarendur. Engar merkingar á stígum eða fyrir gangandi vegfarendur.
8. Covid-umræða. Fáir nemendur hafa veikst og ekki alvarlega. Nú er aðeins verið að útvíkka, og stigin geta núna verið saman, hægt að hafa söng á sal og skólaböll. Við sjáum einnig fram á að geta haldið vinadaginn 8. nóvember, þar sem vinabekkir hittast.
9. Samvinna innan Seljahverfis- þar sem leik-grunn og frístund tala meira saman, og reyna að hafa fleiri daga sameiginlega og vera samtaka í ýmsum málum. Vinna saman og nota þá daga sem við höfum nú þegar og vinna meira með það. Ólafur benti á að einnig væri gott að senda póst á ÍR, skátana og kirkjuna o.fl sem eru að vinna með börnum í hverfinu, svo allir séu meðvitaðir og geti líka tekið þátt á einhvern hátt.
10. Heimilisfræðikennara vantar, og starfsfólk í eldhúsi er í veikindaleyfi. Unnið er í því að reyna að finna nýjan kennara, og matarmálin hafa verið leyst innanhúss.
11. Menntastefnan: Við erum að vinna með grunnstoðirnar. Læsi og orðaforði. Fræðaveggur er kominn í skólann. Fræðsla á veggjum skólans, fuglar í skápum, „veistu hvað?“ veggurinn og „hvað ertu að lesa?“
12. Jólaborpið: 17. desember síðasti dagur fyrir jólafrí. Atriði frá nemendum á mismunandi stöðum í skólanum, kaffihús og fleira.
13. Önnur mál: Fyrirspurn um Eddu nýja reiknilíkanið hjá borginni. Þetta verður kynnt betur í desember. Skólaráð spennt að fylgjast með þessu.
14. Rætt um að erfitt væri fyrir börnin að vera með svona mikið í töskunum. Þ.e. möppurnar sem þau hafa verið að bera á milli, vegna covid.

Fundi slitið kl.09:30